

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi
starfsskýrsla skólaárið 2009-2010

Starfsfólk:

Starfsmenn bókasafnsins eru tveir. Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, forstöðumaður safnsins og Steinunn Óskarsdóttir. Stöðugildi við safnið eru tvö.

Opnunartími:

Bókasafnið er opið mánudaga til fimmtudaga kl. 8:00-16:30 og á föstudögum 8:00-15.30. Opnunartími er 41.5 klst. á viku. Kennsla hefst á morgnana kl. 8:15 og lýkur kl. 16:00 mánudaga til fimmtudaga, á föstudögum lýkur kennslu kl. 15:25.

Útlán:

Útlán safngagna eru að mestu færð í Gegni. Þó eru útlán á því safnefni sem ennþá er í hliðargrunni Gegnis (ekki komið inn í aðalgrunninn) handfærð í sérstaka bók. Tímaritin eru almennt ekki lánuð út, nema í tengslum við verkefnavinnu nemenda og til kennara. Útlán tímarita eru skráð í sérstaka bók í afgreiðslu. Einnig eru útlán starfsmanna skólans utan opnunartíma bókasafnsins færð í sömu bók. Lán innan skólans, þ.e. skammtímalán á orðabókum og kennslubókum eru handfærð og talin eftir hvern dag.

Safnefni er einnig lánað út á svokallað bundið lán. Þá er safnefni lánað út á viðkomandi kennslustofu og „fest“ inni á safni, gert er ráð fyrir að nemendur vinni að verkefnum á safninu, ýmist í kennslustundum eða í eyðum. Með þessu móti er unnt að tryggja aðgang nemenda að heimildum og mikilvægt er að kennarar láti vita af væntanlegri verkefnavinnu með góðum fyrirvara.

<u>ÚTLÁN:</u>	<u>HAUST 2009</u>	<u>VOR 2010</u>	<u>SAMTALS:</u>
Í TÖLVU	1264	1223	2487
Í BÓK	308	233	541
INNAN SKÓLANS	4507	3570	8077
SAMTALS:	6079	5026	11105

Útlánnum hefur fækkað nokkuð, á fyrra skólaári voru þau 12006 en eru nú 11105. Þetta er nokkurt áhyggjuefni og ákveðin vísbending um að einhverju þurfi að breyta. Útlánstími safngagna er ekki nema vika, það mætti velta því fyrir sér að lengja útlánstímann. Safnið á yfirleitt ekki nema eitt eintak af hverri bók, spurning hvort ástæða væri til að fjölga eintökum af þeim bókum sem eru á kjörbókalistum. Einnig er augljóst að nemendur sækja sér heimildir í auknum mæli á netið og leita ekki eins mikið í bóklegar heimildir. Gera þyrfti það að skilyrði í sem flestum áföngum að nemendur notuðu a.m.k. eina útgefna heimild.

Útlán í tölvu eru nú 2487 en voru á fyrra ári 2724. Útlán í bók eru 541 sem eru heldur færri en árið á undan, voru þá 677. Útlán innan skólans eru 8077 en voru 8605 á síðasta ári.

Millisafnalán:

Samtals voru millisafnalán 106 á skólaárinu sem er svipuð tala og á fyrra skólaári en þá voru þau 110. Mest er leitað til Bókasafns Árborgar en einnig töluvert til safna á höfuðborgarsvæðinu.

<u>Millisafnalán frá:</u>	<u>Haustönn 2009</u>	<u>Vorönn 2010</u>	<u>SAMTALS:</u>
Bækur frá söfnum	24	21	45
Myndbönd og mynddiskar frá söfnum	13	26	39
Hljóðbækur		1	1
Tímarit frá söfnum	3	4	7
SAMTALS:	<u>40</u>	<u>52</u>	<u>92</u>

<u>Millisafnalán til:</u>	<u>Haustönn 2009</u>	<u>Vorönn 2010</u>	<u>SAMTALS:</u>
Bækur til safna	5	8	13
Myndbönd og mynddiskar til safna		1	1
SAMTALS:	<u>5</u>	<u>9</u>	<u>14</u>

Samstarf við önnur söfn:

Mikið samstarf er við önnur bókasafn á Suðurlandi, mest við Bókasafn Árborgar. Töluvert er fengið að láni frá þeim í millisafnalánnum og samráð haft um ýmis mál.

Listar yfir kjörbækur í íslenskuáföngum við FSu eru sendir í upphafi hverrar annar til almennings- og skólasafna á Suðurlandi. Söfnin hafa þá tekið frá bækur á listunum og sett þær á styttri útlánstíma.

Bókasöfn á Suðurlandi eru með sameiginlegan póstlista fyrir stjórnunareininguna SUD50 í Gegni. Sá póstlisti var stofnaður haustið 2008 og á honum eru söfn allt frá Reykjanesi og austur á Höfn í Hornafirði. Hann er mikilvægur vettvangur fyrir ýmis mál sem upp geta komið í dagsins önn og þegar leita þarf lausna hjá kollegum. Sú sem þetta ritar hefur haft umsjón með póstlistanum sem nefnist sudur50@googlegroups.com

Bókasöfn framhaldsskólanna starfa mikið saman og hafa samráð um ýmis hagsmunamál. Fundir eru haldnir þrisvar til fjórum sinnum á skólaárinu, virk skoðanaskipti og samstarf fara einnig fram á póstlistanum frh-bok.

Gegnir:

Gegnir er samskrá íslenskra bókasafna og markmið kerfisins er að tryggja aðgang að safnkosti bókasafna.

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands tók Gegni í notkun sumarið 2006. Þann 26. maí það ár var formlega hætt að skrá nýtt efni í Metrabók og bókfræðifærslur sendar í yfirfærslu til Ásmundar Eiríkssonar, sem á sínum tíma hannaði Metrabókina. Yfirfærslan tókst vonum framar, um 45% af öllum skráningarfærslunum fóru yfir. Alls voru 14.411

skráningarfærslur í bókasafnskerfinu Metrabók þegar yfirfærslan átti sér stað. Af þeim fjölda tókst að færa yfir 6.467 skráningarfærslur og 7.944 skráningarfærslur höfnuðu í svonefndum hliðargrunni sem eru lokaður öllum nema starfsfólki aðildarsafnanna.

Þau söfn sem notuðu bókasafnskerfið Metrabók og fóru í sameiginlega yfirfærslu sumarið 2006 hafa frá þeim tíma unnið að því í sameiningu að fara yfir færslurnar, lagfæra þær eftir þörfum og flytja þær yfir í aðalgrunninn.

Nú í júní 2010 eru 3.198 færslur frá bókasafni FSu í hliðargrunninum en þær voru 4.200 fyrir ári síðan. Unnið er stöðugt að yfirfærslunni samhliða öðrum verkum á safninu en þetta er tímafrek vinna og krefst nákvæmni, eins og raunar öll skráningarvinna gerir. Bókfræðifærslunum í umræddum hliðargrunni má skipta í tvo hluta. Í fyrsta lagi færslur sem eiga sér samsvörun í aðalgrunni Gegnis, en tókst ekki að færa yfir. Aðferðin við að færa þannig færslur yfir er að hliðargrunnsfærslan er afrituð og límd yfir í færsluna í aðalgrunninum og allar eintakaupplýsingar fylgja með. Í öðru lagi eru færslur sem eiga sér enga samsvörun í Gegni, þær þarf að yfirfara og leiðrétta eftir þörfum, athuga hvort þær séu ekki í réttum skráningarsviðum o.s.frv. áður en hægt er færa þær yfir. Allar upplýsingar um eintakastöðu, þ.e. strikamerki og staðsetningu fylgja færslunni yfir í aðalgrunninn.

Allt nýtt efni sem berst á safnið er nú skráð og tengt í Gegni, þó eru kvikmyndir á mynddiskum ennþá skráðar í Metrabók. Metrabókin er aðgengileg á heimasíðu bókasafnsins og verður það væntanlega áfram þar til meginhluti safnkostsins verður kominn yfir í Gegni.

Á árinu 2009 var heildarkostnaður við þátttöku í Gegni kr. 329.880 eða kr. 27.490 á mánuði. Skólinn greiðir fyrir alla mánuði ársins, en fær virðisauka endurgreiddan. Kostnaður per. nemanda á ári, ef miðað er við 1000 nemendur, er því um 329 kr.

Gagnasöfn:

Íslendingar hafa landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á vefsíðunni <http://www.hvar.is>. Alls eru um 14.000 tímaritatitlar í boði.

Framhaldsskólarnir hafa frá upphafi tekið þátt í kostnaði við landsaðganginn. Á árinu 2009 greiddi FSu kr. 74.747. Greitt er fyrir hlutdeild að eftirtöldum gagnasöfnum: Britannica Online, Ebsco-Host-söfn, Grove Art, Grove Music, Greinasafn Morgunblaðsins (að frádregnum síðustu þremur árum hverju sinni), ProQuest 5000 og Web of Science - ISI.

Í landsaðganginum er boðið upp að opinn aðgang að Gagnasafni Morgunblaðsins að undanskildu efni síðustu þriggja ára. Bókasöfn framhaldsskólanna náðu fyrir nokkrum árum (2004) hagstæðum samningi við gagnasafn Mbl.is varðandi aðgang að öllu gagnasafninu, þ.e. líka efni þriggja síðustu ára. Þannig hefur FSu greitt kr. 4.980 á mánuði fyrir opinn aðgang í öllum tölvum skólans með lénsáskrift í gegnum IP-tölu, auk pappírseintaks af Morgunblaðinu. Nú er í farvatninu að áskriftin muni hækka eitthvað og verður tekin ákvörðun um áframhaldandi aðgang í haust þegar skólastarf hefst að nýju.

Orðabækur á netinu njóta stöðugt vaxandi vinsælda nemenda og kennara. Veforðabækur hjá Snöru hafa verið gjaldfríar skólum, þarna er að finna orðabækur og önnur uppfléttirit. Til stóð að Menntamálaráðuneytið myndi greiða aðganginn fyrir alla framhaldsskólana frá ársbyrjun 2008. Sl. haust barst svo bréf frá forsvarsmönnum Snöru þess efnis að þeir sjái sér ekki fært að halda áfram úti ókeypis aðgangi fyrir

framhaldsskólana og lokað yrði fyrir aðgang. Samstarfshópur bókasafnsfræðinga brást hart við og sendi áskorun til Menntamálaráðuneytis um að það opnaði pyngjuna og tryggði þar með áframhaldandi aðgengi allra framhaldsskólanema á Íslandi að veforðabókunum. Skv. upplýsingum frá rekstraraðilum Snöru samþykkti Menntamálaráðuneytið að greiða aðganginn til eins árs.

Doktor.is, gagnasafn um heilbrigðismál og sjúkdóma hefur verið opið sl. vetur í tölvum sem tengdar eru tölvuneti skólans.

Safnkennsla:

Nemendur í LKN 106 koma í safnkynningu bæði á haustönn og vorönn. Safnkynningin tekur eina kennslustund (75 mín.) og er stutt kynning á safninu og safnkosti og þeirri þjónustu sem í boði er. Kenndar eru leitir í ýmsum gagnasöfnum, svo sem í Gegni, gagnasafni Morgunblaðsins, Britannicu og loks leitir á netinu. Í lok tímans vinna nemendur verkefni á bókasafni sem miðar að því að þjálf þá í að nota bókasafnskerfi, leita að safngögnum og staðsetningu þeirra á safninu.

Einnig er haldnar safnkynningar fyrir nemendur í NÁT 123, þar er megináhersla lögð á að kynna nemendum ýmis gagnasöfn, erlend og innlend, sem nýtast þeim í náminu. Nemendur vinna svo verkefni í heimildaöflun á Angel sem gildir til einkunnar.

Íslenskukennarar hafa verið í miklu samstarfi í tengslum við safnkynningar. Á liðnu skólaári voru haldnar stuttar kynningar fyrir nemendur í ÍSL 212 og ÍSL 203. Almennt eru nemendur jákvæðir og áhugasamir, einkanlega þegar þeir sjá sér beinan hag af slíkum kynningum og eru að leggja af stað í markvissa heimildaöflun.

Skráning:

Skráning safnkosts og frágangur hans er mikilvægur liður í starfi safnsins. Rík áhersla er lögð á að skrá nýtt safnefni eins fljótt og auðið er. Eldra safnefni er skráð eftir því sem tími vinnst til svo og bókaþjafir frá ýmsum aðilum.

Tímarit:

Bókasafnið er áskrifandi að 115 tímaritum, þ.m.t. fréttabréfum. Einnig á safnið mörg eldri tímarit sem hætt hefur verið útgáfu á. Eldri tímaritin eru geymd í geymslu í kjallara en þau nýrri í gryfju bókasafnsins.

Öll tímarit í eigu safnsins voru tölvuskráð í Metrabók en í ársbyrjun 2009 var byrjað að skrá aðföng tímarita í Gegni.

Aðföng og skráning 2009-2010:

<u>Aðföng</u>	<u>Haustönn 2009</u>	<u>Vorönn 2010</u>	<u>Samtals</u>
Bækur	312	268	580
Myndbönd		2	2
Mynddiskar (DVD)	7	5	12
Geisladiskar	3	2	5
Margmiðl.diskar	1		1
Hljóðbækur	9	6	15
Spil/leikjakassar		5	5
Glærur			
<u>SAMTALS</u>	<u>332</u>	<u>288</u>	<u>620</u>

Skráður safnkostur bókasafns FSu:

<u>Bækur og nýsigögn</u>	<u>Júní 2009</u>	<u>Afskrifað 2009-2010</u>	<u>Aðföng 2009-2010</u>	<u>Júní 2010</u>
<u>BÆKUR</u>	15.518	212	580	15.886
<u>MYNDBÖND</u>	426	8	2	420
<u>DVD</u>	311		12	323
<u>HLJÓMPLÖTUR</u>	130			130
<u>GEISLADISKAR</u>	150		5	155
<u>SNÆLDUR</u>	212	4		208
<u>MARGM.DISKAR</u>	138	49	1	90
<u>TÖLVUDISKL.</u>	1			1
<u>SKYGGNUR</u>	13			13
<u>FORRIT</u>	9	1		8
<u>GLÆRUR</u>	22			22
<u>LEIKJAK. / SPIL</u>	13		5	18
<u>GAGNASETT</u>	1			1
<u>KORT</u>	24			24
<u>HLJÓÐBÆKUR</u>	89		15	104
<u>SAMTALS</u>	<u>17.057</u>	<u>274</u>	<u>620</u>	<u>17.403</u>

Gjafir:

Veturinn 2009-2010 bárust bókasafninu margar góðar gjafir frá einstaklingum, stofnunum og félagasamtökum. Munar þar mest um veglega bókaþjóf frá Birni Júlíussyni á Selfossi.

Björn er fæddur og uppalinn í Garpsdal við Gilsfjörð. Hann byrjaði að læra rafvirkjun um tvítugt við Iðnskólann í Reykjavík og starfaði um tíma við Rafstöðina í Elliðaárdal. Mestalla starfsævi sína vann hann við Sogsvirkjanir, eða á árunum 1954-1994. Á Selfoss flutti hann árið 1994 og hefur búið þar síðan.

Alls eru 95 bækur í þjóf Björns og er þar að finna fjölmargar fágætar bækur á sviði sögu, náttúrufræði og íslenskra bókmennta. Má þar nefna Kortasögu Íslands eftir Harald Sigurðsson, Dýraríki Íslands eftir Benedikt Gröndal, Iðnsögu Íslands (útg. 1943), Virkið í norðri eftir Gunnar M. Magnúss, Ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797, Íslandsleiðangur Stanleys 1789, auk ýmissa ritsafna eftir helstu skáld þjóðarinnar. Elsta ritið er frá árinu 1829, tímaritið Ármann á Alþingi sem gefið var út á árunum 1829-1832.

Alls voru skráðar 201 bók, tveir geisladiskar og einn mynddiskur. Öllum þessum velunnurum safnsins eru færðar bestu þakkir.

Rekstrarkostnaður 2009:

Bækur	503.493
Tímarit og blöð	261.445
Deildareintök	18.670
Myndefni	34.392
Landakort	2.370
Tónlist	3.650
Kostnaður vegna Gagnis, landskerfis bókasafna	329.880
Gagnasöfn (Landsaðgangur að gagnasöfnum, Gagnasafn Mbl.)	99.582
Ritföng, pappír, bréfabindi	13.112
Bókaplast	41.915
Leturborðar fyrir merkivél	18.735
Tímaritabox (100 stk.)	17.489
Lestrardagbók (100 stk.)	11.300
Prentvörur (blekhylki, prentduft)	62.444
Dráttarvextir	<u>37</u>
	1.418.514
Tekjur vegna ljósritunarvélar og fl.	<u>13.300</u>
	Samtals 1.405.214

Tæki og búnaður:

Á bókasafninu eru nú 13 tölvur, skanni, skrifari, tveir litaprentarar, tveir laserprentarar, tvöfalt segulbandstæki til afritunar, segulbandstæki fyrir tungumálaverkefni, lítið stafrænt upptökutæki, sjónvarp, myndbandstæki, DVD-spilari,

ritvél, leturvél og sími. Í kjallara er einnig litaprentari en í honum er hægt að prenta á geisladiska, auk venjulegrar prentvinnslu.

Ljósritunarvél er á safninu og greiða nemendur 15 kr. fyrir hvert ljósritað blað.

Tölva í kjallaranum er ekki nettengd og verða nemendur að vista gögn sín á minnislykil og fara með hann í nettengda tölvu til að prenta út gögn. Þessi tölva er með skrifara og DVD drifi og tengd við litaprentara. Kennarar lesa nú próf sín inn á lítið stafrænt upptökutæki (diktafón) og bókaverðir sjá svo um að afrita upptökur yfir minnislykla.

Sú nýbreytni var tekin upp sl. haust í ljósi mikillar hækkunar á prenthylkjum að nota sama prenthylkið nokkrum sinnum og setja á það prentduft eftir þörfum. Miklar upphæðir hafa sparast með þessari tilhögun. Reynslan hefur samt sýnt að betra er að kaupa nýtt prenthylki beint frá framleiðanda frekar en að fá áfyllt prenthylki frá aðilum sem þjónusta prentvörur.

Tvær tölvur eru staðsettar við miðrými og eru þær aðallega ætlaðar til heimildaleita á neti en nemendur nota þær einnig við verkefnavinnu þegar aðrar tölvur eru uppteknar.

Alls eru ellefu tölvur sem nemendur geta notað til heimildaöflunar og verkefnavinnu ef talin er með tölva tengd við skanna í kjallara.

Nemendur koma mikið á safnið með sínar eigin fartölvur og nota þær við verkefnavinnu. Aðstaða til að hlaða tölvur er í öllum lesbásum á neðri hæðinni.

Forstöðumaður er með fartölvu af gerðinni HP Compaq nx6325 með XP stýrikerfi, fékk hana til notkunar í desember 2006. Tölva í afgreiðslu af gerðinni ACE var tekin í notkun í apríl 2008.

Á bókasafninu eru hillur, lesbásar, skrifborð og afgreiðsluborð sem voru sérsníðuð á sínum tíma.

Vinnuástaða:

Vinnuástaða bókavarða samanstendur annars vegar af afgreiðslurými þar sem upplýsingaþjónusta og afgreiðsla fer fram og hins vegar af vinnurými inn af afgreiðslu. Í afgreiðslurýminu eru staðsettir litaprentari og laserprentari. Laserprentari af gerðinni HP LaserJet P3005x er staðsettur við hringstigann.

Vinnuástaða forstöðumanns er inn af afgreiðslu, þar er góð aðstaða til skráningar og annarrar undirbúningsvinnu. Þar er einnig úrklippusafn í skjalaskáp með úrklippum úr blöðum, ýmsum bæklingum og skjölum. Aðallega eru settir bæklingar og ýmislegt upplýsingaefni í úrklippusafnið. Í þessu vinnurými eru einnig geymd myndbönd safnsins og kennslubækur sem kenndar eru hverju sinni og eru þær lánaðar til nemenda í skamman tíma. Geisladiskar og hljóðbækur eru staðsettar í hillum við afgreiðslu. Í kjallara er aðstaða til plöstunar og viðgerða á safnefni.

Þegar þetta er ritað standa fyrir dyrum miklar framkvæmdir á bókasafninu. Skipt verður um gólfefni og settur línóleum dúkur á safnið í stað gólfteppis sem er orðið illa farið og skemmt eftir langvarandi vatnsleka. Með viðgerð á þakinu sumarið 2009 tókst að komast fyrir vatnsleka sem valdið hefur skemmdum á safnefni.

Fundir, námskeið og ráðstefnur:

Elín forstöðumaður safnsins sótti kennarafundi á skólaárinu og fundi með stýrihópi um upplýsingatækni sem haldnir eru að jafnaði vikulega. Auk þess tók hún þátt í hópstjórastarfi við verkefnið 'Skólinn í okkar höndum' sem hrundið var af stað haustið 2009. Þetta verkefni byggir á Olweusaráætluninni gegn einelti og andfélagslegu atferli og er Fjölbrautaskóli Suðurlands fyrstur framhaldsskóla á landinu til taka upp Olweusar kerfið.

Fundir hjá Samstarfshópi bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum voru fjórir talsins á skólaárinu. Þeir voru haldnir í Menntaskólanum í Kópavogi 2. nóvember, Menntaskólanum við Hamrahlíð 15. desember, Flensborg 1. mars og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi 20. maí. Forstöðumaður komst á alla fundina. Þessir fundir eru einkar gagnlegir, þar eru rædd ýmis málefni er varða hag skólasafna í framhaldsskólum, svo sem Gegnir, landskerfi bókasafna, upplýsingalæsi, kjaramál, aðgang að gagnasöfnum og margt fleira.

Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða stóð reglulega fyrir morgunverðarfundum fyrir félagsmenn sl. vetur. Elín fór á einn slíkan fund 3. sept. en þá var fjallað um 'Bókasöfn og Facebook'.

Forstöðumaður sótti ráðstefnuna 'Upplýsing og Evrópa' sem haldin var 26. mars sl. af Upplýsingu. Efni ráðstefnunnar var afar áhugavert en fjallað var um höfundarrétt frá ýmsum sjónarhornum: heimildir safna til eintakagerðar og dreifingar á höfundaréttarvörðu efni, höfundarréttarmál í Evrópu, áhrif netvæðingar á framleiðslu og dreifingu á bókum og tímaritum auk annars sem of langt mál væri upp að telja.

Elín gegnir formennsku í valnefnd um bestu fræðibók ársins fyrir fullorðna en þessi nefnd starfar á vegum Upplýsingar. Fyrir valinu varð bókin Jöklar á Íslandi eftir Helga Björnsson, útgefandi er Opna. Viðurkenningin var veitt við hátíðlega athöfn á aðalfundi Upplýsingar 18. maí sl. í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Lokaorð:

Starfsemi bókasafnsins var með nokkuð hefðbundnu sniði á liðnu skólaári. Í ljósi versnandi fjárhagsstöðu skólans var samdráttur í innkaupum óhjákvæmilegur. Reynt var af fremsta megni að horfa í hverja krónu og ná sem hagstæðustum kjörum. Innkaupum á jólabókunum var til að mynda frestað fram í janúar. Mörgum tímaritum var sagt upp en þó reynt að halda í áskriftir á íslenskum tímaritum.

Nemendur eru mjög duglegir að nota safnið, bæði til heimildavinnu og lesturs. Ekki má heldur gleyma þeirri staðreynd að margir koma inn á safnið til að leita sér afþreyingar og næðis. Kennarar eru í góðu samstarfi og láta yfirleitt vita af fyrirhuguðum verkefnum.

Bókasafn FSu er skólasafn og því ber fyrst og fremst að þjóna nemendum og starfsfólki skólans. Mikilvægt er að halda uppi metnaði og framsýni til byggja upp góðan safnkost sem styður sem best við nám og kennslu og er í takt við þarfir notenda.

Selfossi 4. júní 2010

Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir,

forstöðumaður bókasafns Fjölbrautaskóla Suðurlands